

Reykjavíkurborg
annars vegar
og
Sálfræðingafélag Íslands hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. september 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkunir

- 1.9. 2015: Hækkun launatöflu um 7,7%, sbr. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.6. 2016: Hækkun launatöflu um 6,0%, sbr. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.6. 2017: Ný launatafla. Launataxtar í kjarasamningi verða skv. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.6. 2018: Hækkun launatöflu um 3,0%, sbr. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.2. 2019: Sérstök eingreiðsla, 58.000 kr. greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

3. gr.

Grein 1.3.1.5 breytist sem hér segir og verður eftirfarandi frá 1. júní 2017:

Starfslaun eru ákveðin samkvæmt eftirfarandi tengireglu á milli starfsmatsstiga og launaflokka:

Tengiregla frá og með 1. júní 2017:

Starfslaun = 178 + 0,150 * matsstig (matsstig til og með 459)

Starfslaun = 181 + 0,147 * matsstig (matsstig frá og með 460)

4. gr.

Grein 1.2 fellur niður frá og með 1. júní 2017 er meðfylgjandi launatafla tekur gildi.

Grein 1.3.2.2 breytist sem hér segir og verður eftirfarandi frá 1. júní 2017:

Þrep vegna starfsþróunar samkvæmt starfsþróunaráætlun stofnunar. Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í

starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmaður, sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun, á rétt á hærri launum en ella. Forsenda hækkunar þessarar er staðfest þátttaka starfsmanns í starfsþróunaráætlun stofnunar/fyrirtækis. Þessi laun geta breyst.

Prep samkvæmt ofangreindu geta verið alls sex skv. eftirfarandi:
Eftir 1 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
Eftir 3 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
Eftir 5 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
Eftir 7 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
Eftir 9 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.
Eftir 12 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg röðun einu þrepi ofar en ella.

Frá og með 1. júní 2017 fá starfsmenn þrep í stað launaflokka vegna starfsþróunar hjá Reykjavíkurborg skv. grein 1.3.2.2 fyrir þann ávinning. Hvert þrep nemur 1,5% í álag skv. meðfylgjandi launatöflu. Við framkvæmd þessarar breytingar munu áunnir starfsþróunarflokkar falla niður og þrep koma í staðinn.

Starfstími hlutavinnustarfsmanna á mánaðarkaupi skv. kjarasamningum skal metinn til jafns við starfsmenn í fullu starfi.

Þá skal einnig metinn starfstími starfsmanns sem starfað hefur í sambærilegu starfi á föstu mánaðarkaupi hjá öðru sveitarfélagi eða ríki enda liggi staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.

Starfstími starfsmanns á hjúkrunarheimilum (sjálfseignarstofnunum) og hjá fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga sem starfa í almannajónustu er metinn á sama hátt.

Hafi starfsmaður fengið þrep vegna virkrar þátttöku í starfsþróunaráætlun stofnunar en sinnir ekki lengur þeirri skyldu án lögmætra forfalla missir hann það/þau þrep er hann hefur fengið. Áður en til þess getur komið ber yfirmanni að greina starfsmanni frá að hann muni missa þennan rétt ef hann bæti ekki virkni sína skv. starfsþróunaráætlun og ber að útskýra fyrir starfsmanni hvernig hann getur bætt sig. Starfsmaður getur óskað eftir að trúnaðarmaður sé viðstaddur slíkt samtal.

5. gr

Grein 1.3.2.2 breytist sem hér segir og verður eftirfarandi frá 1. febrúar 2018:

Fagreynsla, starfsreynsla og símenntun

Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar.

Fagreynsla og starfsreynsla er metin með eftirfarandi hætti:

- Eftir 1 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella

- Eftir 2ja ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 3ja ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 5 ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 7 ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 9 ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella

Til að fá fagreynslu í starfsgrein metna þarf starfsmaður að leggja fram gögn sem staðfesta þann starfstíma sé þess óskað. Einungis er metin fagreynsla í viðkomandi starfsgrein sem aflað er eftir að formlegu grunnnámi á háskólastigi lýkur.

Starfsmaður sem er í starfi við gildistöku ákvæðisins og hefur áunnið sér hærra þrep vegna starfsreynslu heldur en vegna fagreynslu, heldur því þrepi.

6. gr.

Grein 2.5.2 breytist og verður sem hér segir:

Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skal leggja fram drög að vaktskrá 6 vikum áður en hún tekur gildi. Við gerð vaktskrár skal takmarka uppsöfnun vinnutíma eins og frekast er unnt. Starfsmenn fá í framhaldinu einnar viku svigrúm til að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á fyrirliggjandi drögum að vaktskrá. Endanleg vaktskrá skal svo lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24–168 klst. (eín vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

7. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	85.600 kr.
Á árinu 2016	90.700 kr.
Á árinu 2017	94.300 kr.
Á árinu 2018	97.100 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2016	44.500 kr.
Á árinu 2017	46.500 kr.
Á árinu 2018	48.000 kr.

8. gr.

Grein 14.3 breytist og verður sem hér segir frá og með 1. janúar 2016:

14.3 Greiðslur í orlofssjóð

14.3.1 Reykjavíkurborg skal greiða sérstakt gjald er nemi 0,25% af heildarlaunum starfsmanns í orlofssjóð stéttarfélagsins. Hlutverk orlofssjóðs er að stuðla að byggingu orlofsheimila og auðvelda félagsmönnum að njóta orlofsdvalar.

9. gr.

Grein 14.5.1 breytist og verður sem hér segir frá og með 1. janúar 2016:

Reykjavíkurborg greiðir sérstakt gjald í vísindasjóð stéttarfélagsins er nemi 1,6% af dagvinnulaunum.

10. gr.

Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla


Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á þeim samningum, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart þessum samningi.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.


Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 16. desember 2015 skoðast hann samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavík, 10. desember 2015

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs


Ragnhildur Karsdóttir
Keisla Kinnarsdóttir
Jón Pinnar Bergisdóttir
Jón Þorsteinsson

F.h. Sálfræðingafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna


Jón J. Einarsson
Jón Þorsteinsson

Bókanir með samkomulagi
Reykjavíkurborgar
og
Sálfræðingafélags Íslands
10. desember 2015

Bókun 1

Sálfræðingafélag Íslands er aðildarfélag BHM sem ekki er aðili að rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins er undirritað var þann 27. október 2015. Komi til þess á gildistíma kjarasamnings þessa að BHM verði aðili að rammasamkomulaginu sem undirritað var þann 27. október 2015 ásamt breytingum sem kunna að verða gerðar á því, munu aðilar skoða þýðingu þess fyrir kjarasamning þennan.

Bókun 2

Samningsaðilar eru sammála um að taka þátt í mögulegu samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Komið skal á fót nefnd sem falið verði að endurskoða í heild kafla 11 í kjarasamningi aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

- Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.
- Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.
- Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir lang tímaveikindi.
- Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.
- Skoða samband iðgjalds í styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2016.

Bókun 3

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að útgáfu heildartexta nýs kjarasamnings. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 1. maí 2016.

Bókun 4

Aðilar eru sammála um að taka þátt í sameiginlegri endurskoðun reglna nr. 1/90 og 2/90, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 5. júní 1990, um skilmála slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar skv. kjarasamningum samkvæmt l. nr. 94/1986 vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi og í frítíma. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 30. júní 2016.

Nái aðilar ekki samkomulagi um fyrrgreinda endurskoðun, fyrir 30. júní 2016, munu eldri reglur nr. 1/90 og 2/90, samþykktar í borgarráði 5. júní 1990, halda gildi sínu gagnvart samningsaðilum.

Bókun 5

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að styrkja áfram faglegt sjálfstæði starfsmatsins sem og starfsmatsfulltrúa gagnvart stéttarfélögum og stjórnslu borgarinnar.

Aðilar hafa unnið að þróun og aðlögun starfsmatskerfisins sem og reglum er um það gilda með það að leiðarljósi að gera þær sem og verklag er starfsmatið varðar skýrari. Aðilar hafa unnið sameiginlega að fyrrgreindu og lagt fram nýjar/endurskoðaðar starfsmatsreglur þar sem m.a. er lagt til að stofnuð verði áfrýjunarnefnd starfsmatsins. Hlutverk nefndarinnar er að taka við málskotum er varða niðurstöður starfsmats og er gert ráð fyrir að nefndin taki til starfa eins fljótt og auðið er.

Aðilar eru sammála um að halda áfram og hraða reglubundinni yfirferð þeirra starfa sem hafa mat eldra en 5 ára samkvæmt reglum starfsmatsins. Jafnframt að hraða vinnu við endurmat starfa og mati á nýjum störfum. Þá er áframhaldandi samanburður starfa þvert á svið og starfsstaði borgarinnar nauðsynlegur svo að ekki sé um ómálefnalega mismunun að ræða.

Samningsaðilar munu áfram beita sér fyrir aukinni kynningu á starfsmatinu fyrir stjórnendur, trúnaðarmenn og félagsmenn. Með því móti verði stuðlað að upplýstri umræðu aðila um starfsmatið með það að leiðarljósi að gera kerfið betra og skilvirkara.

Bókun 6

Aðgerðaáætlun til að sporna gegn kynbundnum launamun var samþykkt af borgarstjórn í október 2013. Fulltrúar Sálfræðingafélags Íslands í samstarfsnefnd verða upplýstir með reglubundnum hætti um framgang og niðurstöðu þessarar vinnu.

Bókun 7

Reykjavíkurborg stendur fyrir tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma sem lýkur í febrúar 2016. Fulltrúar Sálfræðingafélags Íslands í samstarfsnefnd verða upplýstir um framgang þessarar vinnu og niðurstöður tilraunaverkefnis.

Bókun 8

Reykjavíkurborg setti sér viðverustefnu í nóvember 2014. Markmiðið með viðverustefnu er að styðja við og hlúa að starfsmönnum vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda, slysa eða áfalla um lengri eða skemmri tíma og draga úr veikindafjarvistum með markvissum aðgerðum. Reykjavíkurborg hefur kynnt stefnuna fyrir stjórnendum og starfsmönnum og er henni ætlað að nýtast vinnustaðnum til að skipuleggja viðbrögð við fjarveru og tryggja samræmda vinnuferla vegna fjarveru. Áfram verður unnið að því að kynna stefnuna og er hún aðgengileg á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Bókun 9

Viðbótarlaunakerfi

Í viðræðuáætlun með kjarasamningi undirrituðum 16. apríl 2014 kemur fram að aðilar eru sammála um að kanna til hlítar möguleika á að þróa kynhlutlaust viðbótarlaunakerfi.

Í samræmi við það hefur Reykjavíkurborg lagt í ákveðna vinnu við skoðun á viðbótarlaunakerfi og mun upplýsa um framgang verkefnisins með reglubundnum hætti á samningstímanum.

Bókun 10

Mat á viðbótarmenntun

Í megináherslum viðræðuáætlunar aðila frá 16. apríl 2014 voru aðilar sammála um að endurskoða og samræma með hvaða hætti mat á menntun háskólamenntaðra starfsmanna Reykjavíkurborgar væri metin til launa. Greiningu BHM félaga á menntun félagsmanna átti að leggja til grundvallar í næstu viðræðum. Niðurstaða náðist ekki um mat á viðbótarmenntun í kjarasamningaviðræðum í desember 2015.

Aðilar eru sammála um að setja af stað starfshóp sem skipaður verði fjórum aðilum, tveimur frá hvorum, sem hafi það verkefni á samningstímanum að skoða mat á viðbótarmenntun. Stefnt er að því að starfshópurinn skili tillögum fyrir 1. mars 2019 sem verði til umræðu við gerð næsta kjarasamnings og geti orðið hluti hans ef aðilar ná um það samkomulagi.

Bókun 11

Fræðslumál

Aðilar eru sammála um að skoða á samningstímanum kafla 12 í kjarasamningi aðila sem snýr að endurmenntun og námsleyfum. Markmiðið er að yfirfara efni kaflans með tilliti til áherslna beggja aðila er varða endurmenntun og starfsþróun félagsmanna. Vinnu þessari skal lokið eigi síðar en 1. mars 2018.

Bókun 12

Endurskoðun launatöflu og tenging við starfsmat

Skipaður verður starfshópur með fulltrúum beggja aðila sem er ætlað að skoða gildandi launatöflu og tengingu hennar við starfsmat. Starfshópurinn skal skila tillögum að mögulegri útfærslu fyrir 1. mars 2019, sem getur orðið hluti næsta kjarasamnings ef aðilar ná um það samkomulagi.

Bókun 13

Handleiðsla

Aðilar eru sammála um að sálfræðingar skuli eiga kost á að fá handleiðslu eftir því sem nauðsyn krefur. Svið og stofnanir fylgja eftir efni þessarar bókunar með kynningu á verklagi varðandi handleiðslu og mikilvægi þess að nýta hana í faglegu starfi.

Bókun 14

Launaupplýsingar

Reykjavíkurborg leggur fram upplýsingar um grunnröðun starfsmanna og viðbótarlaunaflokka viðkomandi stéttarfélags m.v. 1. febrúar ár hvert.

Sálfræðingafélag Íslands

Í gildi frá 1. september 2015

þrep	1	2	3	4
Lfl.	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára
140	275.388	277.597	282.167	286.605
141	276.488	280.382	284.736	288.261
142	277.637	282.209	286.648	291.260
143	280.424	284.779	288.304	293.304
144	282.251	286.691	291.304	296.394
145	284.821	288.348	293.350	299.531
146	286.734	291.348	296.440	302.714
147	288.391	293.395	299.577	305.946
148	291.392	296.485	302.761	309.225
149	293.439	299.623	305.993	312.554
150	296.532	302.809	309.273	315.932
151	299.670	306.040	312.603	319.380
152	302.855	309.322	315.983	322.959
153	306.089	312.652	319.433	326.591
154	309.370	316.033	323.011	330.377
155	312.702	319.484	326.645	334.291
156	316.082	323.064	330.434	338.262
157	319.536	326.697	334.349	342.295
158	323.118	330.490	338.321	346.388
159	326.752	334.406	342.355	350.610
160	330.547	338.381	346.449	355.149
161	334.464	342.415	350.677	359.758
162	338.439	346.509	355.217	364.588
163	342.474	350.741	359.828	369.503
164	346.570	355.285	364.659	374.553
165	350.808	359.896	369.577	379.793
166	355.352	364.730	374.628	385.110
167	359.965	369.648	379.871	390.512
168	364.804	374.703	385.190	395.991
169	369.720	379.948	390.591	401.552
170	374.781	385.269	396.072	407.199
171	380.025	390.670	401.635	412.928
172	385.347	396.153	407.283	418.744
173	390.751	401.717	413.014	424.648
174	396.235	407.366	418.830	430.641
175	401.800	413.097	424.735	436.724
176	407.448	418.916	430.729	442.896
177	413.182	424.824	436.812	449.161
178	419.003	430.817	442.986	455.519
179	424.910	436.902	449.254	461.975
180	430.907	443.077	455.616	468.528
181	436.993	449.347	462.072	475.178
182	443.170	455.709	468.624	481.928
183	449.439	462.167	475.276	488.779
184	455.804	468.722	482.026	495.732

þegar
2015

185	462.262	475.375	488.880	502.791
186	468.817	482.128	495.836	509.955
187	475.472	488.981	502.894	517.227
188	482.228	495.938	510.060	524.607
189	489.082	503.000	517.334	532.098
190	496.041	510.166	524.717	539.702
191	503.104	517.441	532.210	547.420
192	510.274	524.825	539.814	555.254
193	517.548	532.319	547.534	563.204
194	524.935	539.927	555.369	571.275
195	532.430	547.648	563.323	579.467
196	540.040	555.484	571.395	587.780
197	547.762	563.440	579.589	596.220
198	555.602	571.513	587.903	604.784
199	563.557	579.709	596.345	613.480
200	571.634	588.027	604.911	622.304
201	579.830	596.470	613.607	631.261
202	588.150	605.039	622.433	640.352
203	596.596	613.737	631.393	649.579
204	605.166	622.565	640.485	658.945
205	613.865	631.526	649.714	668.451
206	622.704	640.620	659.070	678.077
207	631.671	649.846	668.561	687.841
208	640.768	659.203	678.188	697.746
209	649.994	668.695	687.954	707.794
210	659.354	678.325	697.860	717.985

for
BR

Sálfræðingafélag Íslands

Í gildi frá 1. júní 2016

	1	2	3	4
Lfl.	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára
140	291.911	294.253	299.097	303.801
141	293.077	297.205	301.820	305.557
142	294.295	299.142	303.847	308.736
143	297.249	301.866	305.602	310.902
144	299.186	303.892	308.782	314.178
145	301.910	305.649	310.951	317.503
146	303.938	308.829	314.226	320.877
147	305.694	310.999	317.552	324.303
148	308.876	314.274	320.927	327.779
149	311.045	317.600	324.353	331.307
150	314.324	320.978	327.829	334.888
151	317.650	324.402	331.359	338.543
152	321.026	327.881	334.942	342.337
153	324.454	331.411	338.599	346.186
154	327.932	334.995	342.392	350.200
155	331.464	338.653	346.244	354.348
156	335.047	342.448	350.260	358.558
157	338.708	346.299	354.410	362.833
158	342.505	350.319	358.620	367.171
159	346.357	354.470	362.896	371.646
160	350.380	358.684	367.236	376.458
161	354.532	362.960	371.717	381.343
162	358.745	367.300	376.530	386.463
163	363.022	371.786	381.418	391.673
164	367.364	376.602	386.539	397.026
165	371.856	381.489	391.751	402.581
166	376.673	386.614	397.106	408.217
167	381.563	391.827	402.663	413.942
168	386.692	397.186	408.302	419.751
169	391.903	402.745	414.027	425.645
170	397.268	408.385	419.836	431.631
171	402.826	414.110	425.733	437.704
172	408.468	419.922	431.720	443.869
173	414.196	425.820	437.795	450.127
174	420.009	431.807	443.960	456.479
175	425.908	437.883	450.220	462.927
176	431.895	444.051	456.573	469.470
177	437.973	450.313	463.021	476.110
178	444.143	456.666	469.565	482.850
179	450.404	463.116	476.210	489.693
180	456.761	469.661	482.953	496.640
181	463.212	476.308	489.796	503.688
182	469.761	483.051	496.742	510.844
183	476.405	489.897	503.792	518.106
184	483.152	496.846	510.948	525.476

1528

185	489.998	503.897	518.213	532.958
186	496.946	511.055	525.586	540.553
187	504.000	518.319	533.068	548.261
188	511.161	525.694	540.663	556.083
189	518.427	533.180	548.374	564.024
190	525.804	540.776	556.200	572.084
191	533.291	548.488	564.143	580.265
192	540.890	556.315	572.203	588.569
193	548.601	564.258	580.386	596.996
194	556.431	572.323	588.691	605.552
195	564.376	580.507	597.122	614.235
196	572.443	588.813	605.678	623.047
197	580.628	597.246	614.364	631.993
198	588.938	605.804	623.177	641.071
199	597.371	614.492	632.125	650.288
200	605.932	623.309	641.206	659.642
201	614.620	632.258	650.423	669.137
202	623.439	641.342	659.779	678.773
203	632.391	650.561	669.277	688.553
204	641.476	659.919	678.915	698.482
205	650.697	669.417	688.697	708.558
206	660.066	679.057	698.614	718.762
207	669.572	688.836	708.674	729.112
208	679.214	698.755	718.879	739.611
209	688.994	708.817	729.231	750.261
210	698.916	719.024	739.732	761.064

Xena BQ

Sálfræðingafélag Íslands

Í gildi frá 1. júní 2017

Lfl.	Grunnpr.	1,50%	3,00%	4,50%	6,00%	7,50%	9,00%
240	326.002	330.892	335.782	340.672	345.562	350.452	355.342
241	328.936	333.870	338.804	343.738	348.672	353.606	358.540
242	331.897	336.875	341.853	346.832	351.810	356.789	361.767
243	334.884	339.907	344.930	349.953	354.977	360.000	365.023
244	337.898	342.966	348.035	353.103	358.171	363.240	368.308
245	340.939	346.053	351.167	356.281	361.395	366.509	371.623
246	344.007	349.167	354.327	359.487	364.648	369.808	374.968
247	347.103	352.310	357.516	362.723	367.929	373.136	378.342
248	350.227	355.481	360.734	365.987	371.241	376.494	381.748
249	353.379	358.680	363.981	369.281	374.582	379.883	385.183
250	356.560	361.908	367.256	372.605	377.953	383.302	388.650
251	359.769	365.165	370.562	375.958	381.355	386.751	392.148
252	363.007	368.452	373.897	379.342	384.787	390.232	395.677
253	367.000	372.505	378.010	383.515	389.020	394.525	400.030
254	371.037	376.602	382.168	387.733	393.299	398.864	404.430
255	375.118	380.745	386.372	391.998	397.625	403.252	408.879
256	379.244	384.933	390.622	396.310	401.999	407.688	413.376
257	383.416	389.167	394.918	400.670	406.421	412.172	417.923
258	387.634	393.448	399.263	405.077	410.892	416.706	422.521
259	391.898	397.776	403.654	409.533	415.411	421.290	427.168
260	396.208	402.152	408.095	414.038	419.981	425.924	431.867
261	400.567	406.575	412.584	418.592	424.601	430.609	436.618
262	404.973	411.048	417.122	423.197	429.271	435.346	441.421
263	409.428	415.569	421.710	427.852	433.993	440.135	446.276
264	413.931	420.140	426.349	432.558	438.767	444.976	451.185
265	419.726	426.022	432.318	438.614	444.910	451.206	457.502
266	425.603	431.987	438.371	444.755	451.139	457.523	463.907
267	431.561	438.034	444.508	450.981	457.455	463.928	470.401
268	437.603	444.167	450.731	457.295	463.859	470.423	476.987
269	443.729	450.385	457.041	463.697	470.353	477.009	483.665
270	449.941	456.691	463.440	470.189	476.938	483.687	490.436
271	456.241	463.084	469.928	476.772	483.615	490.459	497.302
272	462.628	469.567	476.507	483.446	490.386	497.325	504.265
273	469.105	476.141	483.178	490.215	497.251	504.288	511.324
274	475.672	482.807	489.942	497.078	504.213	511.348	518.483
275	482.332	489.567	496.802	504.037	511.272	518.507	525.742
276	489.084	496.421	503.757	511.093	518.429	525.766	533.102
277	495.932	503.371	510.809	518.248	525.687	533.126	540.565
278	502.875	510.418	517.961	525.504	533.047	540.590	548.133
279	509.915	517.564	525.212	532.861	540.510	548.158	555.807
280	517.054	524.809	532.565	540.321	548.077	555.833	563.588
281	524.292	532.157	540.021	547.886	555.750	563.614	571.479
282	531.632	539.607	547.581	555.556	563.530	571.505	579.479
283	539.075	547.161	555.248	563.334	571.420	579.506	587.592
284	546.622	554.822	563.021	571.220	579.420	587.619	595.818
285	554.275	562.589	570.903	579.217	587.532	595.846	604.160

Handwritten signature and initials

286	562.035	570.465	578.896	587.327	595.757	604.188	612.618
287	569.903	578.452	587.001	595.549	604.098	612.646	621.195
288	577.882	586.550	595.219	603.887	612.555	621.223	629.891
289	585.972	594.762	603.552	612.341	621.131	629.920	638.710
290	594.469	603.386	612.303	621.220	630.137	639.054	647.971
291	603.089	612.135	621.182	630.228	639.274	648.321	657.367
292	611.834	621.011	630.189	639.366	648.544	657.721	666.899
293	620.705	630.016	639.326	648.637	657.948	667.258	676.569
294	629.705	639.151	648.597	658.042	667.488	676.933	686.379
295	638.836	648.419	658.001	667.584	677.166	686.749	696.331
296	648.099	657.821	667.542	677.264	686.985	696.707	706.428
297	657.497	667.359	677.222	687.084	696.947	706.809	716.671
298	667.030	677.036	687.041	697.047	707.052	717.058	727.063
299	676.702	686.853	697.003	707.154	717.305	727.455	737.606
300	686.515	696.812	707.110	717.408	727.705	738.003	748.301
301	696.469	706.916	717.363	727.810	738.257	748.704	759.151
302	706.568	717.166	727.765	738.363	748.962	759.560	770.159
303	716.813	727.565	738.317	749.070	759.822	770.574	781.326
304	727.207	738.115	749.023	759.931	770.839	781.747	792.655
305	737.751	748.818	759.884	770.950	782.016	793.083	804.149
306	748.449	759.675	770.902	782.129	793.356	804.582	815.809
307	759.301	770.691	782.080	793.470	804.859	816.249	827.638
308	770.311	781.866	793.420	804.975	816.530	828.084	839.639
309	781.481	793.203	804.925	816.647	828.369	840.092	851.814
310	792.812	804.704	816.596	828.489	840.381	852.273	864.165

Handwritten signature or initials in the bottom right corner.

Sálfræðingafélag Íslands

Í gildi frá 1. júní 2018

Lfl.	Grunnþr.	1,50%	3,00%	4,50%	6,00%	7,50%	9,00%
240	335.782	340.819	345.856	350.892	355.929	360.966	366.003
241	338.804	343.886	348.968	354.050	359.133	364.215	369.297
242	341.853	346.981	352.109	357.237	362.365	367.492	372.620
243	344.930	350.104	355.278	360.452	365.626	370.800	375.974
244	348.035	353.255	358.476	363.696	368.917	374.137	379.358
245	351.167	356.434	361.702	366.969	372.237	377.504	382.772
246	354.327	359.642	364.957	370.272	375.587	380.902	386.217
247	357.516	362.879	368.242	373.605	378.967	384.330	389.693
248	360.734	366.145	371.556	376.967	382.378	387.789	393.200
249	363.981	369.440	374.900	380.360	385.819	391.279	396.739
250	367.256	372.765	378.274	383.783	389.292	394.801	400.309
251	370.562	376.120	381.679	387.237	392.795	398.354	403.912
252	373.897	379.505	385.114	390.722	396.331	401.939	407.547
253	378.010	383.680	389.350	395.020	400.690	406.360	412.030
254	382.168	387.900	393.633	399.365	405.098	410.830	416.563
255	386.372	392.167	397.963	403.758	409.554	415.349	421.145
256	390.622	396.481	402.340	408.200	414.059	419.918	425.778
257	394.918	400.842	406.766	412.690	418.614	424.537	430.461
258	399.263	405.252	411.240	417.229	423.218	429.207	435.196
259	403.654	409.709	415.764	421.819	427.874	433.929	439.983
260	408.095	414.216	420.338	426.459	432.580	438.702	444.823
261	412.584	418.772	424.961	431.150	437.339	443.527	449.716
262	417.122	423.379	429.636	435.893	442.149	448.406	454.663
263	421.710	428.036	434.362	440.687	447.013	453.339	459.664
264	426.349	432.745	439.140	445.535	451.930	458.325	464.721
265	432.318	438.803	445.288	451.772	458.257	464.742	471.227
266	438.371	444.946	451.522	458.097	464.673	471.248	477.824
267	444.508	451.175	457.843	464.511	471.178	477.846	484.514
268	450.731	457.492	464.253	471.014	477.775	484.536	491.297
269	457.041	463.897	470.752	477.608	484.464	491.319	498.175
270	463.440	470.391	477.343	484.295	491.246	498.198	505.149
271	469.928	476.977	484.026	491.075	498.124	505.172	512.221
272	476.507	483.654	490.802	497.950	505.097	512.245	519.393
273	483.178	490.426	497.673	504.921	512.169	519.416	526.664
274	489.942	497.292	504.641	511.990	519.339	526.688	534.037
275	496.802	504.254	511.706	519.158	526.610	534.062	541.514
276	503.757	511.313	518.870	526.426	533.982	541.539	549.095
277	510.809	518.472	526.134	533.796	541.458	549.120	556.782
278	517.961	525.730	533.500	541.269	549.038	556.808	564.577
279	525.212	533.090	540.969	548.847	556.725	564.603	572.481
280	532.565	540.554	548.542	556.531	564.519	572.508	580.496
281	540.021	548.121	556.222	564.322	572.422	580.523	588.623
282	547.581	555.795	564.009	572.223	580.436	588.650	596.864
283	555.248	563.576	571.905	580.234	588.562	596.891	605.220
284	563.021	571.466	579.912	588.357	596.802	605.248	613.693
285	570.903	579.467	588.030	596.594	605.158	613.721	622.285

Handwritten signature and date: 10/12/2017

286	578.896	587.579	596.263	604.946	613.630	622.313	630.997
287	587.001	595.806	604.611	613.416	622.221	631.026	639.831
288	595.219	604.147	613.075	622.003	630.932	639.860	648.788
289	603.552	612.605	621.658	630.711	639.765	648.818	657.871
290	612.303	621.488	630.672	639.857	649.041	658.226	667.410
291	621.182	630.499	639.817	649.135	658.452	667.770	677.088
292	630.189	639.641	649.094	658.547	668.000	677.453	686.906
293	639.326	648.916	658.506	668.096	677.686	687.276	696.866
294	648.597	658.326	668.055	677.783	687.512	697.241	706.970
295	658.001	667.871	677.741	687.611	697.481	707.351	717.221
296	667.542	677.555	687.569	697.582	707.595	717.608	727.621
297	677.222	687.380	697.538	707.697	717.855	728.013	738.172
298	687.041	697.347	707.653	717.958	728.264	738.569	748.875
299	697.003	707.459	717.914	728.369	738.824	749.279	759.734
300	707.110	717.717	728.323	738.930	749.537	760.143	770.750
301	717.363	728.124	738.884	749.644	760.405	771.165	781.926
302	727.765	738.681	749.598	760.514	771.431	782.347	793.264
303	738.317	749.392	760.467	771.542	782.617	793.691	804.766
304	749.023	760.258	771.494	782.729	793.964	805.200	816.435
305	759.884	771.282	782.680	794.079	805.477	816.875	828.273
306	770.902	782.466	794.029	805.593	817.156	828.720	840.283
307	782.080	793.811	805.543	817.274	829.005	840.736	852.468
308	793.420	805.322	817.223	829.124	841.026	852.927	864.828
309	804.925	816.999	829.073	841.147	853.221	865.294	877.368
310	816.596	828.845	841.094	853.343	865.592	877.841	890.090

Handwritten signature or initials in the bottom right corner.